

91
23. júní

L Ö G

um

varnir gegn kynsjúkdómum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 5. gr. laga, dagsettra í dag, um breyting á lögum nr. 16, 20. júní 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum, höfum látið færa meginmál fyrnefndra laga inn í lög nr. 16, 20. júní 1923, og gefum þau hérmeð út sem lög um varnir gegn kynsjúkdómum.

1. gr.

Kynsjúkdómar eru þrír sjúkdómar nefndir einu nafni í lögum þessum: syfilis, lekandi (gonorrhoe) og linsæri (ulcus molle). Taka lögin aðeins til sjúkdóma þessara meðan þeir eru smitandi.

Smitandi eru sjúkdómar þessir taldir meðan þess finnast merki, að smitunarhætta stafi af sjúklingnum eða ætla má, að þau komi síðar í ljós. Heilbrigðisstjórnin ákveður, hversu rannsókn sýkra og grunaðra skuli framkvæmd og hversu meta skuli sýkingarhættuna.

2. gr.

Héraðslæknar skulu, hver í sínu héraði, með aðstoð lögreglustjóra sjá um allar framkvæmdir eftir lögum þessum, er miða að því að verjast sjúkdómum þessum eða útrýma þeim, skrásetningu sjúkra og lækningu þeirra, en yfirstjórn allra ráðstafana hefir heilbrigðisstjórnin á hendi.

3. gr.

Allir læknar skulu skyldir til að skrásetja sérstaklega sjúklinga með syfilis á þann hátt, er heilbrigðisstjórnin leggur fyrir.

Skráningu skal þannig hagað, að sjúklinga megi þekkja sundur, svo eigi sé hætta á, að þeir verði margtaldir, en jafnframt vissa fyrir, að nöfn þeirra þekki ekki.

Einkennismerki sjúklinga skulu tilfærð með glöggu letri á mánaðar- eða vikuskram þeim, sem öllum starfandi læknum skal skylt að senda héraðslækni í lok hvers mánaðar eða viku. Á sama hátt skal héraðslæknir skrá einkennismerki allra syfilssjúklinga, er vitjað hafa lækna í héraðinu, á mánaðar- eða vikuskram þeim, sem hann sendir landlækni.

Héraðslæknar skulu halda sérstaka bók eða spjaldskrá yfir sjúklinga með

syphilis, og með því skipulagi, sem heilbrigðisstjórnin leggur fyrir. Í bók þessa má eigi skrá nöfn sjúklinganna, heldur aðeins einkennismerki þeirra.

91
23. júní

Heilbrigðisstjórnin getur krafizt þess, að sjúklingar með aðra kynsjúkdóma séu og skráðir á sama hátt, svo og þeir, sem alvarlega eru grunaðir um að hafa smitað aðra með kynsjúkdómi, þó eigi hafi fundizt óræk merki þess, að þeir væru sjúkir.

4. gr.

Hver, sem sýkist af kynsjúkdómi, eða hefir grun um að svo sé, skal skyldur að leita sér læknishjálpar þegar í stað og til þess er smitunarhætta er afstaðin. Skylt er honum að fara eftir fyrir mælum þeim, sem lækni gefur honum um meðferð sjúkdómsins og varúð við því, að hann smiti aðra. Leiti nú sjúklingurinn annars læknis áður sjúkdómurinn er fulllæknaður, skal hann tilkynna það með læknisvottorði þeim lækni, er fyrst hafði hann til meðferðar.

5. gr.

Í hverju héraði skal héraðslækni veita þeim sjúklingum, sem haldnir eru af kynsjúkdómum, ókeypis læknishjálp, ef hann telur þá þurfa þess með. Nær sú hjálp til allrar læknishjálpar, nauðsynlegra rannsókna og lyfja, og skal hún greidd úr rikissjóði samkvæmt gjaldskrá héraðslækna og gildandi lyfjaskrá, enda sé landlækni send skýrsla um sjúklingana og læknishjálpinu, er hann fer með sem trúnaðarmál.

Þar, sem sérfræðingar eru fyrir hendi, er rétt að semja við þá um að hafa þessar ókeypis lækningar með höndum í stað héraðslækna.

6. gr.

Nú ber brýna nauðsyn til að leggja í sjúkrahús sjúkling með kynsjúkdóm, og telur sá lækni, er veitir kynsjúkdómasjúklingum ókeypis læknishjálp á þeim stað, að sjúklingurinn þarfnist ókeypis sjúkrahúsvistar, og greiðir þá rikissjóður sjúkrahúskostnaðinn í þeim sjúkrahúsum, sem samið hefir verið við um að veita slíkum sjúklingum viðtöku. Semja skal við sjúkrahús í Reykjavík um, að allt að 10 rúm séu jafnan til taks fyrir sjúklinga með kynsjúkdómum, og um greiðslur fyrir þá sjúklinga, er fá þar vist á kostnað rikissjóðs. Á sama hátt skal samið um eitt sjúkrarúm fyrir kynsjúkdómasjúklinga á hverjum þessara staða: Á Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.

Sjúklingar skulu eiga aðgang að þeim sjúkrarúmum, sem samið hefir verið um í þessu skyni, eftir tilvísun þess læknis, er veitir kynsjúkdómasjúklingum ókeypis læknishjálp á staðnum, án tillits til heimilisfangs þeirra. Sá lækni má og vísa þangað kynsjúkdómasjúklingum, er greiða sjálfir legukostnað sinn, eftir því sem rúm leyfir.

Þar, sem samið hefir verið við sérfræðinga, skulu þeir skyldir að aðstoða sjúkrahúslækna við meðferð þessara sjúklinga í sjúkrahúsunum eða stunda þá að öllu leyti, ef krafizt verður.

91 Um sjúklinga þá, sem liggja í sjúkrahúsum á kostnað ríkissjóðs, ber að
23. júní senda landlækni skýrslu (sbr. 5. gr.) áður en greiðslur fara fram.

7. gr.

Ákvæði 5. og 6. gr. ná aðeins til sjálfra kynsjúkdómanna, en ekki til eftirstöðva þeirra eða fylgikvilla, nema að því leyti, sem þeir kynna að vera samfara hinum upphaflega sjúkdómi á smitandi stigi.

8. gr.

Nú koma kynsjúkdómar upp eða taka að breiðast út á stað, þar sem lækni-
islaust er eða erfitt að ná í fullkomna læknishjálp, og skal þá heilbrigðisstjórnin
senda lækni, svo fljótt sem auðið er, til þess að gera allar nauðsynlegar ráð-
stafanir og veita sjúklingum læknishjálp. Kostnaður við slíkar ráðstafanir greið-
ist úr ríkissjóði.

9. gr.

Læknir skal taka skýrt fram við sjúklinga með kynsjúkdóma, hvað að þeim
gangi. Þá skal hann skýra vandlega fyrir þeim, hversu sjúkdómurinn smiti,
hverrar varúðar beri að gæta og að hegningu varði, ef út af er brugðið, sam-
kvæmt hegningarlögum. Sérstaklega skal það tekið fram, hve langvinnur sjúk-
dómurinn geti verið og lækni eftirlit nauðsynlegt um langan tíma, svo og að
sjúklingar megi ekki giftast meðan smitunarhætta stafar af þeim. Þá skal og
læknir fá hverjum sjúklingi, sem leitar í fyrsta sinn lækni vegna kynsjúkdóms,
prentaðar leiðbeiningar, sem heilbrigðisstjórnin lætur í té.

Ef sjúklingurinn er yngri en 16 ára, skal skýra foreldrum barnsins eða
forráðamönnum frá ástæðum öllum og hverrar varúðar beri að gæta. Bera þeir
þá ábyrgð á því, að farið sé eftir fyrirmælum lækni.

Nú telur læknir, að heilsufari sjúklings sé svo varið, eða aðrar ástæður
geri það óumflýjanlega nauðsynlegt, að sjúklingi sé fyrst um sinn ekki skýrt
frá, hvað að honum gangi, og skal honum það þá heimilt.

10. gr.

Nú verður læknir þess vis, að sjúklingur, sem hann hefir til meðferðar, fer
ekki eftir þeim reglum, sem honum hafa verið gefnar, hvort heldur sem snertir
lækningu sjúkdómsins eða varúðarreglur, þá skal hann tafarlaust senda honum
skriflega áminningu og benda honum á, hverju varði, ef óhlýðnast er. Komi það
fyrir ekki og sjúklingurinn fáist ekki heldur til að leita annara lækna, skal hann
áður vika er liðin tilkynna það lögreglustjóra. Sér hann þá um, að sjúklingur-
inn verði fluttur í sjúkrahús eða að hann leiti sér á annan hátt læknishjálpar
meðan smitunarhætta stafar af honum.

11. gr.

Nú tekur læknir sjúkling til meðferðar, sem nýlega hefir smitast hér á landi,

þá skal hann vandlega grenslast eftir, af hverjum og hvernig hann hefir smit- 91
 azt, og er sjúklingnum skylt að láta læknum í té alla vitneskju sína um það 23. júní
 efni.

Ef sá býr innanhéraðs, sem talið er að valdið hafi smitun, skal læknir svo fljótt sem verða má gera gangskör að því, að hinn grunaði komi til hans til rannsóknar, og leitar hann til þess aðstoðar lögreglustjóra, ef þörf er á. Lög- reglustjóri sér þá um, að hinn grunaði verði lagður í sjúkrahús, eða á annan hátt skoðaður af lækni.

Nú er sá í öðru læknishéraði, sem talið er, að smitun hafi hlotizt af, og skal þá læknir tilkynna hlutaðeigandi héraðslækni tafarlaust með símskeyti, hver hann sé, og sér hann þá um rannsókn hans. Slik símskeyti skulu vera á dulmáli, eftir því sem heilbrigðisstjórn ákveður.

12. gr.

Komist læknir að því, að sjúklingur með kynsjúkdóm hafi í hyggju að ganga í hjónaband áður en smitunarhættu er lokið, skal hann senda sjúklingnum tafar- laust skriflega áminningu og benda honum á, hverri hegningu slíkt varði.

Nú þykist læknir hafa fulla ástæðu til að ætla, að slík áminning verði ekki tekin til greina, og skal hann þá tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi presti og lög- reglustjóra, að sjúklingurinn hafi kynsjúkdóm, og er það lögmætur meinbugur á hjónabandi.

13. gr.

Öll börn, yngri en 16 ára, sem sýkt hafa af syfilis eða eru fædd með þann sjúkdóm, skulu standa undir lækniseftirliti, og foreldrar eða forráðamenn þeirra ábyrgjast að fyrirmælum læknis sé hlýtt.

Slíkum börnum má ekki koma í fóstur, nema hlutaðeigendum hafi verið skýrt frá sjúkdómi þeirra og læknir hafi gefið samþykki til þess.

Aðrar konur en móðirin mega ekki hafa þau á brjósti.

Flytji barnið úr héraðinu, skal tilkynna lækni flutninginn og hvert það fer. Skal hann þá skýra héraðslækni þess héraðs frá því og hvernig sjúkdómi barns- ins er farið.

Sömu ákvæði gilda og börn innan þriggja mánaða, þó heilbrigð virðist, ef ekki eru liðin full 5 ár frá því, að annað foreldra eða bæði hafa haft syfilis.

14. gr.

Sjúklingar með smitandi syfilis mega ekki fóstora börn, sem ekki hafa syfilis, og ekki starfa að matsölu, matreiðslu eða veitingum.

15. gr.

Á öllum, sem vegna starfs síns samkvæmt lögum þessum komast að nöfn- um sjúklinga og heilsufari þeirra, hvílir ströng þagnarskylda, nema þeim sé

91 skylt að lögum að láta slíkt uppi eða nauðsyn beri til þess vegna yfirvofandi
23. júní smitunarhættu, svo sem ef lækni er ekki leitað eða varúðarreglur að engu hafðar og eigi verður á annan hátt úr því bætt.

16. gr.

Lyfsölum og öðrum verzlunum er óheimilt að selja lyf, er líklegt þykir, að nota skuli til meðferðar á kynsjúkdómum, nema eftir ávísun lækni. Heilbrigðisstjórnin ákveður hver slík lyf eru.

17. gr.

Heilbrigðisstjórnin getur krafizt þess, að kennsla um kynsjúkdóma og varnir gegn þeim sé tekin upp í þeim skólum, sem hún telur þess mesta nauðsyn. Kennslunni skal í öllum atriðum hagað svo sem hún mælir fyrir.

Öll islenzk skip skulu skyld til þess að láta alþýðlega bók um kynsjúkdóma og eitt eintak af lögum þessum fylgja lyfjakistli skipsins.

Þar sem sérstök hættu stafar af kynsjúkdómum, miklar útlendar skipakomur eru, sildarstöðvar o. þvil., skal héraðslækni sérstaklega skylt að vinna árlega að því, eftir samráði við heilbrigðisstjórnina, að efla þekkingu almennings á sjúkdómum þessum, hættunni, sem af þeim stafar, og helztu vörnum gegn þeim.

18. gr.

Nú brýtur embættismaður gegn skyldum sínum samkvæmt þessum lögum, og varðar það þá ábyrgð sem brot á embættisfærslu.

Brjóti lækni, sem ekki er embættismaður, skyldur sínar eftir lögunum, varðar það sektum, allt að 500 kr.

Brot á ákvæðum 10. og 14. gr. varða sektum, allt að 200 kr.

19. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, sé brotið ekki þannig vaxið, að það varði hegningu samkvæmt hegningarlögunum.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hefða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.